



Fundargerð.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps fundaði þriðjudaginn 15. apríl 2014.

Fundur hefst kl. 13⁰⁰ í Kirkjuhvoli, Kirkjubæjarklaustri.

Þetta er 369. fundur sveitarstjórnar, 4. fundur ársins 2014.

Fundargerð er tölvuskráð af sveitarstjóra og er 3 blaðsíður.

Guðmundur Ingi oddviti, býður fundarmenn velkomna.

Mættir undirritaðir sveitarstjórnarmenn ásamt Eygló Kristjánsdóttur, sveitarstjóra.

Porsteinn Kristinsson boðaði forföll, í hans stað mætir Bjarki Guðnason varamaður L-lista.

Sveitarstjóri og oddviti greina frá gangi mála frá síðasta fundi.

Dagskrá

I. Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu

1. Umsögn um rekstrarleyfi.

Sýslumaðurinn í Vík óskar umsagnar vegna fyrirhugaðra leyfisveitinga til Veiðifélagsins Unubótar ehf., ábm. Karl Antonsson, sótt er um nýtt leyfi til gistingar í flokki II, gistiheimili.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við leyfisveitinguna.

2. Drög að endurnýjuðum samningi við Íslenska Gámafélagið um sorphirðu.

Lögð eru fram drög að samningi, til 5 ára, við Íslenska Gámafélagið sem tekur til sorphirðu fyrir sveitarfélagið, losunar og leigu á grænu og brúnu tunnunni, jarðgerð, losun og leigu á gámum og urðun úrgangs á Stjórnarsandi.

Sveitarstjóra falið að ljúka samningi við Íslenska Gámafélagið.

3. Drög að endurnýjuðum samningi við Fellsmenn um rekstur og viðhald gangnamannaskála við Miklafell.

Hörður Davíðsson fyrir hönd Fellsmanna óskar eftir að samningur um rekstur og umsjón kofans í Miklafelli verði framlengdur um 10 ár. Samningurinn tekur til þess að Fellsmenn taki að sér rekstur og viðhald gangnamannaskálans við Miklafell á Austur-Síðuafretti og beri af því allan kostnað á samningstímanum. Öll hestús sem staðsett eru í nágrenni skálans standi utan samnings.

Sveitarstjórn samþykkir að endurnýja samning við Fellsmenn og felur sveitarstjóra að ganga frá samningi þess efnis.

4. Bréf til Skaftárhrepps frá Eldvötnum- samtökum um náttúruvernd í Skaftárhreppi.

Lagt er fram bréf dagsett 17. mars 2014 frá stjórn Eldvatna-samtaka um náttúruvernd í Skaftárhreppi, þar sem óskað er eftir upplýsingum um 9 atriði vegna stöðu



Búlandsvirkjunar og Hólmsárvirkjunar við Atley í Skaftárhreppi og legu raflínu vegna fyrirhugaðra virkjana.

Sveitarstjórn hefur svarað erindinu með svarbréfi dagsettu 2. apríl 2014.

5. Boð um aðild að Samorku.

Lagt er fram erindi frá Samorku, samtökum orku- og veitufyrirtækja þar sem Fráveitu Skaftárhrepps er boðið að gerast aðili að samtökunum.

Sveitarstjóra falið að skoða betur hvað felst í að gerast aðili að samtökunum og hvaða ávinningur það væri fyrir Skaftárhrepp.

6. Tilnefning í stjórn Kötlu-jarðvangs.

Ingibjörg Eiríksdóttir sem setið hefur sem fulltrúi Skaftárhrepps og Kirkjubæjarstofu í stjórn Kötlu Jarðvangs óskar eftir lausn frá störfum.

Sveitarstjórn þakkar Ingibjörgu framlag hennar til Kötlu Jarðvangs og felur sveitarstjóra að komast að samkomulagi við stjórn Kirkjubæjarstofu um vinnureglur um tilnefningar stjórnarmanna Kötlu jarðvangs.

Sveitarstjórn leggur áherslu á að fundin verði lausn á rekstrarfyrirkomulagi jarðvangsins svo starfsemi Kötlu jarðvangs verði tryggð til framtíðar.

7. Erindi frá Suðurorku um valréttarsamning vegna beitar á jörðinni Á.

Í erindinu fer Suðurorka fram á afstöðu sveitarfélagsins til gerðar valréttarsamnings vegna beitarafnota á jörðinni Á, sem mótvægisáðgerð vegna mögulegrar Búlandsvirkjunar.

Með vísan í bókun sveitarstjórnar frá 19.mars sl. um sama málefni, telur sveitarstjórn ekki tímabært að gera slíkan samning án undangenginnar málefnalegar umræðu þeirra aðila sem málið varðar.

Sveitarstjóra falið að leita eftir álit fjallskilanefnda Skaftártunguafréttar og Landbrots- og Miðafréttar sem og starfshóps Veiðifélags Skaftártungumanna vegna málsins.

Fyrir en að fengnu álit þessara aðila tekur sveitarstjórn ekki afstöðu til erindisins.

II. Fundargerðir til samþykktar.

1. 101. fundur Skipulags- og bygginganefndar, 8. apríl 2014.

Skipulagsmál:

4. Deiliskipulagstillaga – Skaftárvellir

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

5. Stofnun lóða – Giljaland

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Fundargerðin í heild samþykkt.

2. 57. fundur Æskulýðs- og íþróttanefndar, 7. apríl 2014.

Fundargerðin samþykkt.



III. Fundargerðir til kynningar.

1. 13. fundur félagsmálanefndar Rangárvalla- og V.-Skaftafellssýslu, 31.mars 2014.
2. 478. fundur stjórnar Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, 24. mars 2014.
3. 814. fundur stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, 21. mars 2014.
4. 3. fundur stjórnar Náttúrustofu suðausturlands, 15. maí 2013.
5. 4. fundur stjórnar Náttúrustofu suðausturlands, 24. september 2013.
6. 5. fundur stjórnar Náttúrustofu suðausturlands, 26. nóvember 2013.
7. 6. fundur stjórnar Náttúrustofu suðausturlands, 21. mars 2014.
8. Aðalfundargerð Friðar og frumkrafta, 22. mars 2014.
9. Vorfundur þjónustusvæðis um málefni fatlaðs fólks, 2. apríl 2014.
10. 13. fundur starfshóps um áhrifasvæði Skaftár, 12. mars 2014.

IV. Annað kynningarefni.

1. Ályktun stjórnar SASS um gjaldtöku á ferðamannastöðum.
2. Bréf Eftirlitsnefndar um fjármál sveitarfélaga um lok samnings við Skaftárhrepp.
3. Niðurstöður könnunar SASS á húsnæðismarkaði á Suðurlandi.
4. Bókun bæjarstjórnar Fljótsdalshéraðs um mótun stefnu um rekstur og uppbyggingu upplýsingamiðstöðva í samvinnu við Vatnajökulspjódgarð.

V. Samþykkt fundargerðar / Fundarslit

Fundargerð lesin upp, samþykkt og árituð. Fundi slitið kl. 15:45.

Boðað verður til aukafundar sveitarstjórnar vegna ársreiknings Skaftárhrepps í lok apríl og skal borgarafundur haldinn í kjölfarið.

Næsti reglulegi fundur sveitarstjórnar boðaður með dagskrá þriðjudaginn 13. maí 2014 kl. 13:00.

Guðmundur Ingi Ingason

Jóhannes Gissurarson.

Bjarki V. Guðnason

Sverrir Gíslason

Rannveig E. Bjarnadóttir